

## Fundargerð aðalfundar Haga hf. haldinn hinn 7. júní 2013

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, var haldinn föstudaginn 7. júní 2013, kl. 09:00, á 20. hæð í Turninum, Smáratorgi í Kópavogi.

Árni Hauksson, formaður stjórnar Haga hf., bauð fundarmenn velkomna í upphafi fundarins og lagði til að Þórður Bogason hæstaréttarlögmaður yrði kjörinn fundarstjóri og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga, fundarritari. Var þetta samþykkt.

Áður en gengið var til dagskrár gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins, en fundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu föstudaginn 17. maí sl., fundargögnum og fyrirkomulagi fundarstarfa. Engar tillögur bárust frá hluthöfum innan tiltekins tímafrests. Á fundinn eru mættir 31 hluthafi af 1265 hluthöfum í félaginu. Mætt er fyrir 66,38% hlutafjár eða meira en 50% eins og samþykktir Haga hf. áskilja. Lýsti fundarstjóri því yfir að fundurinn væri boðaður á lögmetan hátt og bær til að taka ákvarðarnir í samræmi við auglýsta dagskrá. Að svo búnu var gengið til dagskrár án athugasemda.

1. *Skýrsla stjórnar Haga hf. um starfsemina á liðnu ári.* Árni Hauksson, formaður stjórnar Haga, tók til máls og flutti skýrslu stjórnar.
2. *Ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda.* Á fundinum var lagður fram til samþykktar ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Finnur Árnason, forstjóri Haga, tók til máls og gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Í lok síns máls þakkaði hann Guðbrandi Sigurðssyni fráfarandi stjórnarmanni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Eftir framsöguræður undir 1. og 2. dagskrárlið opnaði fundarstjóri mælendaskrá og bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir. Enginn tók til máls. Að því búnu var ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár félagsins, 1. mars 2012 – 28. febrúar 2013, borinn upp til atkvæða og samþykkti aðalfundurinn hann samhljóða.

3. *Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2012/13.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að greiddur verði arður til hluthafa félagsins vegna reikningsársins 2012/13 sem nemur 0,50 krónum á hlut, eins og fram komi í ársreikningi félagsins. Heildararðgreiðslan nemi því 586 milljónum króna. Fundarstjóri gerði jafnframt grein fyrir því að samþykki aðalfundurinn tillöguna skuli arðsréttindadagur vera 12. júní 2013. Arðleysisdagur, þ.e.a.s. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2012/13 verði því 10. júní 2013, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðgreiðslu verði 26. júní 2013. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Í framhaldi af því bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar Haga hf. á reikningsárinu 2012/13 og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

4. *Tillaga að nýjum samþykktum félagsins.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf. sem lá frammi á fundinum um nýjar samþykktir Haga hf. Fundarstjóri gerði auk þess grein fyrir helstu breytingum og viðbótum frá núgildandi samþykktum. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar upp nýjar samþykktar félagsins til atkvæða og voru þær samþykktar samhljóða af aðalfundinum.
5. *Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna Haga hf.* Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að stjórnarlaun verði óbreytt og var tillaga svohljóðandi: Stjórnarformaður kr. 500.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 250.000,- á mánuði. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Við svo búið bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um greiðslur til stjórnarmanna Haga hf. og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.
6. *Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn Haga hf. hafi lagt fram við aðalfund starfskjarastefnu fyrir félagið. Fundarstjóri kynnti á fundinum leiðréttingu sem gera þurfti á starfskjarastefnunni til samræmingar við núgildandi stefnu, sem er að öðru leyti óbreytt frá síðasta aðalfundi. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Starfskjarastefna Haga hf. var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða svo breytt.
7. *Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fimm framboð hefðu borist til setu í stjórn Haga hf. innan þess tíma sem lög og samþykktir félagsins áskilja og væru þau öll gild. Upplýsingar um frambjóðendur hafa verið birtar en fjórir þeirra skipa núverandi stjórn og hafa því gefið kost á sér til endurkjörs. Guðbrandur Sigurðsson gefur ekki kost á sér til endurkjörs og kemur Stefán Árni Auðólfsson í hans stað. Fundarstjóri las upp nöfn frambjóðenda: Árni Hauksson, Erna Gísladóttir, Hallbjörn Karlsson, Kristín Friðgeirsdóttir og Stefán Árni Auðólfsson. Gaf fundarstjóri hluthöfum kost á því að gera athugasemdir ef einhverjar væru en svo var ekki. Þar sem fleiri voru ekki í framboði en kjósa skal lýsti fundarstjóri eftirfarandi einstaklinga réttilega kjörna til setu í stjórn Haga hf. á aðalfundinum: Árni Hauksson, Erna Gísladóttir, Hallbjörn Karlsson, Kristín Friðgeirsdóttir og Stefán Árni Auðólfsson.  
  
Þá gerði fundarstjóri grein fyrir þeirri tillögu stjórnar Haga hf. að KPMG ehf., kt. 590975-0449, verði kosinn endurskoðandi félagsins. Var sú tillaga samþykkt samhljóða og án athugasemda á aðalfundinum.
8. *Tillaga stjórnar um arðgreiðslustefnu.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn Haga hf. hafi lagt fram við aðalfund félagsins arðgreiðslustefnu fyrir Haga hf. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna. Davíð Rúdólfsson frá Gildi lífeyrissjóði kvað sér hljóðs og lýsti yfir ánægju sinni með arðgreiðslustefnu félagsins. Einnig lýsti hann yfir áhuga lífeyrissjóðsins á að félagið nýtti sér þann möguleika á að kaupa eigin bréf. Árni Hauksson tjáði sig um kaup á eigin bréfum og tók fram að það er góð leið til að koma verðmætum til hluthafa. Það á þó aðeins við þegar verð bréfanna er ásætlanlegt og ítrekaði

Árni að þessi valkostur yrði ekki nýttur nema þegar talið væri að verðið sé rétt og að slík ákvörðun þjónaði hagsmunum hluthafa. Fundarstjóri vakti athygli á því að aðalfundur árið 2012 samþykkti heimild til stjórnar félagsins að kaupa eigin bréf. Sú heimild gildir til 5 ára. Arðgreiðslustefna Haga hf. var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

9. *Önnur málefni.* Engar tillögur bárust frá hluthöfum og því ekki önnur mál á dagskrá. Guðbrandur Sigurðsson, fráfarandi stjórnarmaður í félaginu, óskaði eftir að kveða sér hljóðs. Hann þakkaði félaginu og stjórn samstarfið síðast liðin 3 ár.

Fundarstjóri óskaði eftir umboði aðalfundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð. Heimild var veitt. Fundi var að svo búnu slitið kl. 10:00.

---

Þórður Bogason, fundarstjóri

---

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fundarritari